

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 9. apríl 2025:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að stemma stigu við hraðakstri bifhjóla á göngu og hjólastígum

Lagt er til að gripið verði til aðgerða í því skyni að stemma stigu við hættulegum hraðakstri bifhjóla á göngu- og hjólréiðastígum borgarinnar. Skýrar merkingar um hámarkshraða léttra bifhjóla, 25 km./klst. verði settar upp við göngu- og hjólréiðastíga.

Greinargerð

Aðgerða er þörf þar sem mikil brögð eru að því að léttum bifhjólum, bæði raf- og benzínknúnum, sé ekið eftir göngu- og hjólastígum, langt yfir þeim lögbundna 25 kílómetra hámarkshraða sem gildir um bifhjól á slíkum stígum. Meirihluti bifhjólamanna fer að reglum en ljóst er að of margir virða ekki hraðareglur. Mörg dæmi eru um að rafhjólum sé ekið svo hratt nálægt gangandi eða hjólandi vegfarendum að liggja við stórslysi. Þá eru dæmi um að foreldrar banni ungum börnum sínum að nota hjólastíga borgarinnar því þeir séu orðnir að hraðbrautum fyrir vélknúin farartæki, þ.e. rafhjól.

Draga þarf lærdóm af hinum mörgu rafhjólalysum, sem orðið hafa á undanförunum árum. Í skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa um banaslys, sem varð í Reykjavík árið 2021 við árekstur rafhlaupahjóls og léttis bifhjóls í flokki II, kemur m.a. fram að báðum hjólum hafi sennilega verið ekið of hratt. Áreksturinn varð á hjólastíg þar sem akstur létta bifhjólsins var óheimill og hraðatakmarkari (innsigli) rafhlaupahjólsins var aftengdur.

Hjólbarðar rafhlaupahjóla eru litlir og stöðugleiki þeirra því minni en reið- og bifhjóla. Ökumenn þeirra þurfa að fylgjast vel með yfirborðinu sem hjólað er á, en það getur leitt til þess að þeir horfi ekki langt fram fyrir sig við aksturinn. Eftir því sem hraðinn er meiri verða slysin alvarlegri.